

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Teams

Dagsetning: 2. desember 2020

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrunn Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnadóttir (UEA), Vigdís Jóhannsdóttir (VJ), Raket Lind Hauksdóttir (RLH) sem varakona í stjórn í stað Áslaugar Gunnlaugsdóttur (ÁG) sem boðaði forföll sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) voru viðstaddar fundinn.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Áætlun og lykklar
3. Fjölmiðlaverkefnið með RÚV
4. Samstarf við Torg – staðan, PR, sérblað, auglýsingar fyrir FKAkonur (Andrea)
5. Staðan á dómnefnd, tilnefningar
6. Merkin á alla viðurkenningarhafa? Fleiri sem koma til að vera með og greiða?
Árvakur skipta því út?
7. Tilboð í bókhald og útboðsgögn staðan (Unnur)
8. Fjármál FKA - staða og innheimta s.s. fjöldi í félagatali, áætlanagerð
9. Önnur mál
 - a) Nýliðamóttaka Raket og Bylgja 2021. Á viðburðadagatal og hvernig framkv?
 - b) Landsbyggðadeildir fundur sem var haldinn. Lending í málinu.
 - c) Stefnumótun, gult, rautt og grænt með stefnumótunina í janúar?
 - d) Áframhaldandi samstarf við HÍ og nú meistaranema. Þarf að ákv strax.
 - e) Hádegi með stjórn eftir áramót með konum af öllu landinu. Bóka daga.
 - f) Teams up and running í janúar

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SH.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

2. Áætlun og lykklar

UEA sagði frá því að verið væri að rýna fjárhagsáætlun sem ætti að vera tilbúin til samþykktar á síðasta fundi ársins sem er áætlaður 15. desember.

3. Fjölmiðlaverkefnið með RÚV

HRÁ greindi frá því að búið væri að funda með RÚV og ákveðið hefði verið að festa laugardaginn 6. febrúar 2021 fyrir fjölmiðlaþjálfun. Eitt sæti af 12 er frátekið fyrir



stjórnarkonu FKA og samþykkt var að Unnur Elva muni sækja fjölmiðlaþjálfun RUV fyrir hönd stjórnar FKA.

4. Samstarf við Torg – staðan, PR, sérblað, auglýsingar fyrir FKA konur

Andrea sagði frá því að staðan á samstarfinu við Torg gengi afar vel. „Stjórnandinn“ þáttur FKA með Huldu Bjarnadóttur gengur einnig mjög vel og er sýnileiki á verkefninu vonum framar.

5. Staðan á dómnefnd, tilnefningar

Fyrir fundinn hafði ÁG veitt upplýsingar um stöðuna á dómnefnd vegna Viðurkenningarhátíðar sem og yfirferð tilnefninga. ÁG sem formaður dómnefndar stýrði fyrsta fundi nefndarinnar sem fram fór 27. nóvember sl. Dómnefndin hittist á Teams og fór yfir rúmlega 200 tilnefningar sem höfðu borist í flokkunum FKA viðurkenningin, hvatningarviðurkenning FKA og þakkarviðurkenning FKA. Dómnefndin fór yfir og ræddi framkomnar tilnefningar. Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn á Teams þann 11. desember 2020 þar sem dómnefndin mun velja þær konur sem hreppa munu framangreindar viðurkenningar FKA árið 2021.

6. Jafnvægisvugin 2020 eftirvinna

Tímabært er að mati stjórnar FKA að skoða mismunandi samstarf við fjölmiðlafyrirtæki varðandi Jafnvægisvogina. RA mun fara með erindi inn í stjórn Jafnvægisvogar um að leita tilboða til samstarfs við mismunandi fjölmiðlafyrirtæki. Merki Jafnvægisvogarinnar eru komin til allra viðurkenningarhafa.

7. Tilboð í bókhald og útboðsgögn staðan

UEA sagði frá því að 8 tilboð í bókhald FKA hefðu borist. Tilboðin voru yfirfarin með ítarlegum hætti og samþykkt var að ganga til samninga við Mundakot. Mundakot er í eigu FKA félagskonu.

8. Fjármál FKA - staða og innheimta s.s. fjöldi í félagatali, áætlanagerð

Andrea fór yfir stöðu fjármála félagsins sem og helstu verkefni. Fjármálastaða félagsins er góð og lítið hefur fækkað úr félagatali. Innheimta gengur vel og vonum framar. Mikið er af verkefnum í gangi hjá félaginu og virkni góð hjá félagskonum.

9. Önnur mál

- i. **Nýliðamóttaka Rakel og Bylgja 2021. Á viðburðadagatal og hvernig framkv?** – frestað fram að aukafundi sem haldinn verður 9. desember nk. („aukafundur“)
- ii. **Landsbyggðadeildir fundur sem var haldinn. Lending í málinu.** – frestað fram að aukafundi
- iii. **Stefnumótun, gult, rautt og grænt með stefnumótunina í janúar?** – frestað fram að aukafundi
- iv. **Áframhaldandi samstarf við HÍ og nú meistaraneima. Þarf að ákv strax.** – frestað fram að aukafundi
- v. **Hádegi með stjórn eftir áramót með konum af öllu landinu. Bóka daga.** – frestað fram að aukafundi
- vi. **Teams up and running í janúar**– frestað fram að aukafundi
- vii. **Frumvarp um fæðingarorlof** Stjórn FKA styður nýtt frumvarp um fæðingarorlof. FKA kona spurðist fyrir um hvernig framgangur þessa máls hefði komið til félagsins og hvernig stjórn ætlaði að meðhöndla málið til stjórnvalda.

Ákveðið var að boða til fundar með þeim FKA konum sem fyrst sem áhuga hafa á málinu. Öllu jafna fer lögfræðingur innan stjórnar FKA yfir þau lagalegu álit sem til félagsins koma og gefur stjórn FKA mat á því hvaða afstöðu er hægt að taka. Umrætt frumvarp er hluti af því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og því stutt af stjórn FKA. Ennfremur er stjórn FKA umhugað um að tengja málefnið við hreyfiaflsverkefni félagsins, enda yfirlýst stefna FKA að styðja þau málefni sem gefa jöfn tækifæri kynjanna á atvinnumarkaði.

- viii. **FKA New Icelanders og þýðingar** – Fyrirspurn barst frá FKA New Icelanders varðandi tungumálanotkun FKA. Það var einróma álit stjórnar að vinnutungumál FKA er íslenska. Einnig var samþykkt að halda fund með FKA New Icelanders til að taka upp samtalið og passa áherslur á því að störf stjórnar, deilda og nefnda haldist innan málefna félagsins. MJN verður tengiliður frá hendi stjórnar.

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.